

studdum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda.

5. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að láta lóga ómerktum köttum, enda hafi framkvæmdin verið auglýst með áberandi hætti í sveitarfélaginu og kettirnir geymdir í a.m.k. 7 sólarhringa áður en þeim er lógað.

6. gr.

Með brot út af samþykkt þessari skal fara að hætti laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

7. gr.

Framangreind samþykkt bæjarstjórnar Árborgar staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir sem nú halda heimilisketti skulu skrá þá á framangreindum skrifstofum fyrir 1. desember 1999 og fá þar afhenta númeraða plötu, sbr. ákvæði 2. gr.

Umhverfissráðuneytinu, 10. nóvember 1999.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík.

Víkurhverfi, stofnanalóðir.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur borgarráð Reykjavíkur þann 10. ágúst 1999 samþykkt deiliskipulag sem felur í sér tilfærslu á gæsluvelli og stækkun á skóla og leikskóla.

Deiliskipulagsuppdrátturinn hefur verið sendur Skipulagsstofnun til yfirferðar.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Austurnes við Baugatanga.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur borgarráð Reykjavíkur þann 11. maí 1999 samþykkt breytingu á deiliskipulagi í Skildinganesi. Afmörkuð er íbúðarlóð sem liggur að lóðamörkum Baugatanga 5 og Skildinganess 31 og 33.

Skipulagsbreytingin hefur verið send Skipulagsstofnun til yfirferðar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 16. nóvember 1999.

Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri.